



KOMDU OG SKOÐADU

KÁRI SKOÐAR LAND OG ÞJÓÐ

1. OPNA

Kári er sjö ára. Hann á heima á Eskifirði. Eskifjörður er kaupstaður á Austurlandi. Kaupstaðurinn stendur við fjörð sem líka heitir Eskifjörður.

Kári er í flugvél með pabba sínum og mömmu. Í morgun ók hann frá Eskifirði upp í gegnum dal á milli hárra fjalla til Egilsstaða. Þar fór hann í flugvélinu. Og nú flýgur flugvélin hátt yfir landinu til Reykjavíkur.

Það er júní. Sólin skín á bláum himni. Kári situr við gluggann og horfir á landið. Hann hefur oft skoðað landakort en þetta er öðru vísi. Fyrst eftir flugtak sá hann öll húsin á Egilsstöðum og bíla á hreyfingu. Svo sá hann bæi og tún. Allt sýndist þetta pínulítið. Kári sá ár og læki. Hann sá vatn sem glampaði á í sólskininu og grænan skóg enda sumarið komið. En hér er landið svart þar sem í það sést fyrir snjó. Kári er hissa að sjá allan þennan snjó.

„Nú fljúgum við yfir hálendi Íslands,“ segir pabbi, „og hér er sumarið ekki komið enn. Þar sem við eigum heima er láglandi. Á láglandi er hlýrra og veturinn styttri en á hálendinu. Á láglandi er hægt að rækta grænmeti, tún og skóg en á hálendinu er veturinn langur. Þar er ekki auðvelt að búa og lítið hægt að rækta.“

Í fjarska sér Kári ógnarstór, alhvít fjöll.

„Þetta eru jöklarnir,“ segir pabbi. „Þeir eru alltaf hvítir því að þar bráðnar ekki á sumrin allur snjórinn sem fellur á veturna.“

„Á þá enginn heima í þessu fjallalandi?“ spyr Kári mömmu sína.

Hún hlær og segir að þar búi bara tröll og útilegumenn. En svo útskýra hún og pabbi fyrir Kára að landið okkar, Ísland, sé dreifbýlt. Það þýðir að Íslendingar eru fáir í stóru landi. Þau segja Kára að sums staðar búi fólk í þéttbýli í borg og bæjum eins og á Eskifirði, Egilsstöðum og í Reykjavík. Í sveitunum sé langt á milli húsanna sem fólk býr í og þar sé dreifbýli.

„En á stórum hlutum landsins býr ekkert fólk,“ segir mamma, „þar ræður náttúran ríkjum. Þar eru stór fjöll og jöklar, vötn og ár, hraun og sandar, mýrar og heiðar. Þó ekkert fólk búi á hálendinu þá vilja margar plöntur og dýr frekar búa á hálendi en láglandi.“

„En tröllin og útilegumennirnir?“ spyr Kári.

„Fyrr á öldum kom fyrir að fólk flutti til fjalla og bjó þar um tíma,“ segir pabbi. „Það fólk var kallað útilegumenn. Lengi þekktu Íslendingar hálendi landsins lítið og þorðu ekki að fara þar um. Sumir héldu að þar leyndust enn útilegumenn eða jafnvel að það byggju tröll í fjöllunum en núna ferðast margir um hálendið til að skoða náttúruna.“

„Ég er ekki hræddur við tröll og útilegumenn,“ segir Kári, „ég vil einhvern tíma fara og skoða hálendið.“

„Já, það langar mig líka,“ segir mamma.

„Mér heyrir að þetta sé þá ákveðið,“ segir pabbi og hlær.

2. OPNA

Allt í einu heyrir um alla flugvélinu:

„Góðan dag, þetta er flugstjórinn sem talar. Við vorum að fréttu að Hekla sé farin að gjósa. Við ætlum að leggja lykkju á leið okkar að fjallinu til að sjá eldgos.“

Kári veit að það koma oft eldgos á Íslandi. Hann spurði einu sinni pabba sinn hvort Hólmatindur, stóra fjallið við fjörðinn hans, Eskifjörð, gæti farið að gjósa.

„Nei, nei, það er enginn hættu á að Hólmatindur gjósi. Hann er ekki eldfjall,“ sagði pabbi og svo brosti hann og sagði:

„Veistu, þegar ég var lítill strákur í Reykjavík spurði ég líka mömmu mína hvort Esjan, stóra fjallið nálægt Reykjavík, færi einhvern tíma að gjósa en Esjan er heldur ekki eldfjall.“

Á meðan flugvélin flýgur áfram í átt að Heklu útskýra pabbi og mamma fyrir Kára hvers vegna koma oft eldgos á Íslandi. Mamma segir:

„Jörðin okkar er hnöttótt næstum eins og fótbolti. Fótbolti er búinn til úr mörgum bútum. Skorpan á jörðinni er líka búin til úr mörgum hlutum. Þeir eru ekki reglulegir eins og á fótboltanum heldur alla vega í laginu og ógnar stórir. Við köllum þá fleka. Flekarnir í skorpu jarðarinnar eru ekki fastir saman eins og bútarnir sem mynda fótboltann. Jarðskorpuflekarnir eru lausir hver frá öðrum og geta hreyfst til.“

„Þú mátt ekki láta mömmu alveg rugla þig. Þú mátt ekki halda að jörðin sé full af lofti eins og fótbolti því að það er hún ekki,“ segir pabbi.

„Jörðin er eins og egg að því leyti að inni í henni er fljótandi efni. Þetta efni er bráðið grjót sem er kallað kvika. Það er bráðið vegna þess að inni í jörðinni er ógnar heitt.“

Mamma lætur pabba ekki slá sig út af laginu:

„Ísland er eina landið í heiminum sem er á tveimur jarðskorpuflekum þar sem flekarnir fara hvor frá öðrum. Það er því stór sprunga í jarðskorpunni á Íslandi. Austurland, þar sem við eigum heima er á jarðskorpufleka sem þokast í austur. Reykjavík er á jarðskorpufleka sem þokast í hina áttina, í vestur. Þessa hreyfingu finnum við stundum og köllum hana jarðskjálfta.“

Kári hugsar um þetta svolitla stund.

„En rifnar þá landið ekki í sundur í miðjunni,“ spyr hann svo.

„Nei,“ segir pabbi, „Flekarnir þokast hægt í sundur og kvikan treðst upp á milli þeirra og fyllir upp í sprunguna. Stundum kemst kvikan alveg upp á yfirborðið á milli jarðskorpuflekanna. Þá verður eldgos.“

Kára þykir þetta flókið. Hann ákveður að þetta ætli hann að skilja þegar hann verður stór. En nú fær hann að sjá eldgos!

Kári klessir andlitið upp að rúðunni og pabbi og mamma líka. Fljótlega sjá þau mikinn reykjarstrók stíga langt upp í bláan himininn. Öðru hverju leiftra eldingar í reyknun. Flugvélin flýgur nær gosinu. Þau sjá rauðar eldtungur neðst í reyknun. Rauðir eldlækir renna niður eftir hlíðum fjallsins í hvítu og svörtu landinu.

„Þetta er bráðið grjót,“ útskýrir mamma, „svo storknar það og verður að hrauni.“

Flugvélin sveimar um í nokkurn tíma svo að allir geti séð vel. Fólkið í flugvélinni horfir allt undrandi á eldgosid og dáist að fegurð þess og ógn.

Þegar Kári og pabbi hans og mamma koma til Reykjavíkur er komið kvöld og sólroði á himni.

3. OPNA

Daginn eftir fara pabbi og mamma til útlanda. Kári er eftir hjá afa sínum og ömmu í Reykjavík. Pabbi og mamma eru að fara til Indlands. Þau eru að sækja þangað litla stelpu. Pabba og mömmu þykir ákaflega vænt um Kára en þau langar líka til að eignast og ala upp annað barn. Sumt fólk getur ekki eignast eins mörg börn og það langar.

Stundum sjá foreldrar að þeir geta ekki alið barnið sitt upp eins og þeir vildu helst. Þeir geta þá leyft einhverjum öðrum að ala það upp, einhverjum sem vilja ala upp barn en geta ekki sjálfir eignast barn. Pabbi og mamma höfðu spurst fyrir hvort einhvers staðar væri lítið barn sem þau gætu fengið að ala upp. Fyrir skömmu fréttu þau af lítilli stelpu á Indlandi sem þau geta fengið til sín og gert að sínu barni. Þessi litla stelpa verður þá systir Kára.

Kára fannst fyrst skrytið að vita að langt í burtu væri lítil stelpa sem yrði systir hans. Hann hlakkaði til að eignast systur, þá hefði hann alltaf einhvern til að leika og tala við.

Allt í einu datt honum nokkuð í hug. Hann hafði heyrt fólk tala útlensku og skildi ekkert hvað það sagði. Kári spurði mömmu sína hvort þau gætu nokkuð talað við litlu systur þegar hún kæmi. Þyrftu þau kannski að læra útlensku til að tala við hana? Mamma sagði að litla systir hans væri svo lítil að hún kynni ekkert að tala. Hún myndi læra málið þegar hún kæmi heim til Íslands og tala alveg sömu íslensku og allir aðrir Íslendingar þegar hún yrði stór.

Þegar pabbi og mamma eru farin talar Kári við ömmu og afa og segir þeim frá litlu systur. Þau hlakka

öll til þegar pabbi og mamma koma með litlu stelpuna heim en þangað til ætla þau líka að eiga skemmtilega daga.

Fyrsta kvöldið sem Kári er hjá afa og ömmu segir afi honum söguna af Hrafna-Flóka áður en hann fer að sofa. Hún er svona:

„Ísland er eyja langt úti í hafi. Einu sinni fyrir langa löngu átti enginn heima á Íslandi. Fólk sigldi til landsins frá öðrum löndum. Fyrst kom fólk bara í heimsókn og skoðaði landið. Maður nokkur sem það gerði hét Flóki. Hann tók þrjá hrafna með sér á skipið sitt. Þegar hann hafði siglt nokkuð lengi sleppti hann einum krummanum. Hrafninn flaug þá til baka til landsins sem þeir komu frá. Flóki sigldi áfram og sleppti svo öðrum krumma. Sá hrafn flaug hátt upp í loftið en kom síðan aftur á skipið. Enn sigldi Flóki áfram skipi sínu og sleppti loks þriðja hrafninum. Sá krummi flaug áfram og vísaði Flóka og hans fólki á landið sem þeir voru að leita að. Eftir þetta var Flóki kallaður Hrafna-Flóki. Hann skoðaði landið og var hér í tvö ár. Hann gaf landinu nafnið Ísland.

Svo fór fólk að setjast að á Íslandi. Þá flutti það hingað frá útlöndum með allar eigur sínar. Sagt er að Ingólfur Arnarson sé fyrsti landnámsmaðurinn. Hann átti heima í Reykjavík.“

„Var þá Hrafna-Flóki marga daga á leiðinni?“ spyr Kári. „Já,“ segir afi, „það hefur hann sjálfsagt verið. Fólk hefur alltaf ferðast til að skoða heiminn og hefur ekki talið eftir sér löng ferðalög. Oftast er það bara að skoða sig um og fer aftur heim til sín. En stundum líst því svo vel á sig í nýju landi að það ákveður að flytja þangað. Núna er miklu auðveldara að ferðast og flytja en í gamla daga. Það tekur bara fáa klukkutíma að fara á milli Íslands og útlanda.“

Afi ætlar að segja eitthvað meira en sér þá að Kári er sofnaður.

4. OPNA

Kári skoðar hús afa og ömmu. Amma tekur sér frí í vinnunni til að vera með Kára. Kári segir við ömmu að húsið hennar sé dreifbýlt eins og Ísland, stórt með fáum íbúum. Ömmu finnst það sniðugt. Hún segir að einu sinni hafi margir búið í þessu húsi. Hún og afi og börnin þeirra fimm og líka langamma Kára. Kári reiknar, þetta eru átta manns.

„Stundum er gott að búa í stóru húsi,“ segir amma. „Börnin mín þrjú, sem ekki eiga heima í Reykjavík, búa hjá mér þegar þau þurfa.“ Kári er búinn að gleyma hvar allt þetta frændfólk hans á heima svo að þau rifja það upp.

Amma á hnattlíkan. Kári veit hvar Ísland er á jörðinni. Hann veit líka hvar Eskifjörður er á Íslandi. Sigga frænka hans er bóndi og býr í Árnassýslu. En Jói frændi á heima í landi í Afríku. Amma sýnir Kára myndir sem Jói hefur nýlega sent henni. Konan hans Jóa er með dökka húð og kolsvart hár og börnin þeirra eru öll fallega brún eins og fólk sem er búið að liggja oft og lengi í sólbaði.

„Hvers vegna er sumt fólk alltaf brúnt?“ spyr Kári.

„Fólkið á jörðinni er svolítið ólíkt í útliti eftir því hvaðan það er,“ segir amma. „Einu sinni fyrir langa, langa löngu var mjög fátt fólk til í heiminum. Þá átti allt fólk á jörðinni heima í Afríku. Þá voru líklega allir með dökka húð. Svo fór fólk að ferðast og nema land úti um alla jörð. Það fólk sem settist að og bjó í norðlægum löndum varð smátt og smátt ljóst á húð vegna þess að þar skín ekki eins mikil sól og í Afríku.“

„Var þá langa-, langa-, langa-, langa-, langafi minn svertingi?“ spyr Kári.

„Nei,“ segir amma, „svona breytingar gerast ofurhægt en þær gerast samt. Allar lífverur breytast smátt og smátt eftir staðnum sem þær eiga heima á. Það heitir að aðlagast. Fólkið á jörðinni er að sumu leyti ólíkt í útliti, talar mörg tungumál, klæðir sig mismunandi og gerir ýmislegt öðru vísi. En flest er eins hjá okkur öllum. Öll börn þurfa að eiga fjölskyldu. Allir þurfa að eiga vini. Okkur þykir öllum gott og líður vel þegar einhver er góður við okkur. Okkur þykir öllum vont ef við meiðum okkur eða ef einhver er vondur við okkur. Við getum öll orðið hrædd og getum öll orðið hamingjusöm. Við brosum öll þegar við erum glöð og grátum þegar við erum hrygg. Við þurfum öll að borða og drekka og þurfum fót og húsaskjól. Það er svo miklu fleira sem er eins hjá öllu fólki á jörðinni heldur en það sem er ólíkt.“

5. OPNA

Kári og amma eru enn að skoða hnöttinn. Kári veit hvers vegna svona stór hluti af hnettinum er blár. Það er sjórinn. Hann þekkir sjóinn vel. Eskifjörður er við sjóinn og þar búa margir sjómenn. Amma bendir honum líka á heimsálfurnar. Evrópa er lítil og áföst Asíu sem er risastór. Pabbi og mamma höfðu sýnt Kára Asíu því að þar er Indland. Í hina áttina frá Íslandi er Ameríka og alveg hinum megin á hnettinum er Ástralía. Og svo er Afríka þar sem Jói frændi Kára á heima.

Amma segir Kára að öll birta á jörðinni komi frá sólinni og hitinn líka. Sólin skín ekki jafn skært á alla hluta jarðar. Þess vegna er misheitt á jörðinni. Sums staðar á jörðinni skín sólin heit á hverjum degi. Þar kemur aldrei vetur. Í heitum löndum vaxa plöntur og lifa dýr sem þurfa hita. Á veturna skín sólin lítið á Ísland. Sumum plöntum og sumum dýrum finnst gott að hafa kalt og vilja hafa vetur. Þeim finnst gott að búa á Íslandi.

„Þekkirðu til dæmis rjúpuna?“ spyr amma, „og manstu hvernig hún er á litinn.“

Já, það gerir Kári. „Hún er hvít á veturna en brún á sumrin.“

„Það er rétt hjá þér,“ segir amma. „Og hún er með loðna fætur. Rjúpan hefur aðlagast landi eins og Íslandi. Rjúpan getur falið sig í snjónum á veturna og í móanum á sumrin. Hún er að fela sig fyrir fálkanum. Fálka finnst gott að veiða rjúpu í matinn. Heldur þú að það væri gott fyrir rjúpuna að vera fjólu-blá eða gul?“

Kári hlær: „Það væri asnaleg rjúpa, hún væri eins og páfagaukur.“

Kári veit ýmislegt um útlöndin og þekkir fleiri dýr þar en páfagauka. Í Afríku eru til dæmis apar, fílar og gíraffar. Hann vildi að þannig dýr væru líka á Íslandi. Ömmu finnst Ísland gott eins og það er og segir að það sé ágætt að lönd séu ólík.

„Í sumum löndum vex mikið af trjám. Þaðan fáum við timbur til að smíða úr. Í sumum löndum vex hveiti, í sumum löndum vaxa ávextir og í sumum löndum er mikið af verksmiðjum þar sem er búið til alls kyns dót, vélar, bílar og margt fleira. Margt af þessu getum við ekki fengið eða búið til á Íslandi svo að það er gott að þetta er gert í öðrum löndum og svo fáum við vörurnar þaðan.“

„Búum við þá ekkert til á Íslandi?“ spyr Kári.

„Jú,“ segir amma. Hún bendir á Ísland á hnettinum, litla eyju í bláu hafi. „Hvað er það sem svo margir vinna við meðfram sjónum á Íslandi, til dæmis heima hjá þér?“ spyr amma.

„Veiða fisk og vinna í fiski,“ segir Kári.

„Getum við borðað allan þennan fisk?“ spyr amma.

„Nei,“ segir Kári, „við getum selt fiskinn okkar til útlanda og keypt appelsínur, bíla, tölvur og timbur í staðinn.“ Þetta hafði mamma einhvern tíma sagt honum.

„En getum við selt eitthvað annað en fisk?“ spyr Kári.

„Já, já, til dæmis kemur margt fólk til Íslands á hverju ári til að skoða landið vegna þess að það er öðru vísi en öll önnur lönd. Þetta eru ferðamenn. Þeir borga fyrir að fara um Ísland til að skoða landið okkar, fjöll og jökla, ár og fossa, fara á hestbak á íslenskum hesti, skoða söfn, gömul hús og bæi.“ Og amma bætir við:

„Kannski getum við næstu daga leikið ferðamenn og skoðað ýmislegt hér í grenndinni sem er gaman og fróðlegt að skoða.“

6. OPNA

Fljótlega eftir hádegi taka amma og Kári strætó. Þau fara eftir breiðri umferðargötu sem amma segir að heiti Hringbraut. Hún bendir Kára á stór hús og segir að þarna sé Landspítalinn, Háskólinn og Þjóðminjasafnið. Kári gónir í allar áttir. Svo eru þau komin niður í miðbæ Reykjavíkur, strætó stoppar og þau fara út.

„Þetta er merkilegur staður,“ segir amma, „hér halda menn að Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaður Íslands, hafi byggt bæinn sinn. Þá voru engin hús hér í kring, bara skógar og engi og Tjörnin sem við getum skoðað á eftir. Fólkið sem bjó hér gekk oft niður að sjó. Þangað myndaðist gata sem er hér

enn þótt hún hafi mikið breyst. Hún heitir Aðalstræti.“ Og amma bendir eftir götunni.

„Ég sé ekki sjóinn,“ segir Kári.

„Hann sést ekki fyrir húsunum,“ segir amma.

Amma snýr sér við og bendir. Sólin skín beint framan í hana. „Gatan sem er í suður frá bæ Ingólfs heitir Suðurgata en nú skulum við ganga norður eftir Aðalstræti.“

Þegar þau koma í norðurenda Aðalstrætis bendir amma upp brekku og segir:

„Þessi gata er í vestur frá Aðalstræti og heitir Vesturgata en við ætlum að ganga eftir götu sem er í austur frá Aðalstræti – hvað heldur þú þá að hún heiti?“

„Austurstræti,“ segir Kári hikandi og amma segir að það sé rétt. Kári leiðir ömmu sína, honum finnst það gott innan um allt þetta ókunnuga fólk. Þau ganga eftir Austurstræti og svo stoppar amma.

„Nú erum við á Lækjartorgi,“ segir hún. Hún bendir á hvítt hús sem Kára finnst hann oft hafa séð í sjónvarpinu. „Þetta er stjórnarráðið, þarna vinna ráðherrarnir og við erum heppin, þarna kemur forsætisráðherrann út úr húsinu.“

Kára finnst hann hafa séð nóg af húsum og fólki. „Æi,“ segir hann, „hvar er þessi tjörn sem þú varst að tala um áðan?“

Þegar Kári og amma hans eru komin að Tjörninni sleppir Kári hönd hennar og gefur öndunum brauðbita. Um leið hlustar hann á ömmu útskýra að Reykjavík sé höfuðborg Íslands og að í höfuðborgum landa séu margar stofnanir og unnin alls kyns störf fyrir allt landið.

Á eftir ganga þau meðfram Tjörninni. Amma leiðir Kára. Hann er ekki vanur svona stórum götum og mörgum bílum eins og eru hér í miðborg Reykjavíkur. Amma leggur áherslu á að þau fari eftir öllum umferðarreglum. Loks setjast þau á bekk í Hljómskálagarðinum. Rétt hjá þeim eru krakkar í fótbolta og fullorðinn maður fylgist með þeim.

„Kannst þú fótbolta?“ spyr amma. Kári jánkak því.

„Er alveg sama hvernig hann er spilaður, geta bara allir gert það sem þeir vilja?“ spyr amma áfram.

„Nei,“ Kári er hneykslaður á ömmu, „menn verða að fara eftir reglunum í leiknum. Heima á Eski-firði er ég oftast framherji, Siggi vinur minn er markvörður og Óli stóri bróðir hans er fyrirliði, við höfum allir okkar stöðu í fótboltaleikjum.“

„Já,“ segir amma, „þetta er alls staðar eins. Allir sem starfa á einhvern hátt saman þurfa að hafa reglur til að fara eftir og þurfa að ákveða hver gerir hvað. Fólk sem býr í sama landinu þarf líka að koma sér saman um reglur til að fara eftir. Reglur sem gilda í öllu landinu eru kölluð lög. Fólk sem býr í sama landinu, talar sama tungumálið og hefur sömu lög er oft kallað þjóð.“

„Hverjir búa til reglurnar eða þessi lög?“ spyr Kári.

„Alþingismenn,“ segir amma. „Íslenska þjóðin kys fólk á Alþingi á fjögurra ára fresti. Þar eru sam-in íslensk lög sem allir á Íslandi verða að fara eftir. Alþingismenn velja líka ríkisstjórnina eða ráðherrana. Þeir eru verkstjórar við að stjórna landinu hver á sínu sviði og fyrirliði ríkisstjórnarinnar er kallaður forsætisráðherra.“

Maðurinn sem fylgst hefur með fótboltaleiknum flautar og krakkarnir stoppar.

„Þessi karl er dómari,“ segir Kári.

Maðurinn segir eitthvað við krakkana og svo heldur leikurinn áfram en Kári og amma standa upp og halda heim á leið.

7. OPNA

Það er 17. júní, þjóðhátíðardagur Íslendinga. Afí, amma og Kári fara snemma dags á Austurvöll fyrir framan Alþingishúsið. Hvert sem litið er blaktir íslenski fáninn, blár, hvítur og rauður. Amma er í peysufötum, síðu pilsu og með húfu með löngum skúf. Kára finnst amma ekki nógu gömul til að vera í svona búningi. Amma segir að það sé vitleysa, þetta sé íslenskur þjóðbúningur og einu sinni hafi allar konur á Íslandi klætt sig í lík föt og þessi.

„Fólk á Íslandi hefur alltaf þurft að klæða sig vel og vera með húfu á höfðinu,“ segir amma. „Einu sinni varð fólk að búa fötin sín til heima og þá voru þau næstum öll úr ull. Þá urðu til ákveðnir búning-

ar sem voru allir frekar líkir. Þegar auðvelt varð að flytja bæði efni og föt til Íslands frá útlöndum breyttust búningarnir og Íslendingar fóru að klæða sig líkt og fólk í útlöndum. Þá var farið að kalla gömlu íslensku fötin þjóðbúninga.“

Á Austurvelli er margt fólk og Kári sér að nokkrar konur eru klæddar í þjóðbúninga, meira að segja litlar stelpur líka. Kannski getur systir hans fengið svona búning þegar hún stækkar, hugsar Kári.

Á svölum Alþingishússins er kona að halda ræðu. Þegar hún lýkur máli sínu syngur kór og Kári heyrir að afi raular með: „Yfir voru ættarlandi ...“ Maður og kona ganga út á völinn og halda á stórum blómsveig. Á eftir þeim kemur maður sem Kári kannast við. Hann hugsar sig um og segir:

„Þetta er forsetinn, ég þekki hann, hann kom einu sinni í heimsókn til Eskifjarðar.“ Þau ganga með blómsveigin út á miðjan Austurvöll og leggja hann þar á myndastyttu af manni.

„Hvaða maður er þetta?“ spyr Kári.

„Jón Sigurðsson,“ hvísar amma og sussar svo á Kára: „Nú er þjóðsöngurinn sunginn og þá verða allir að hafa hljótt.“

Kári bíður en þegar þjóðsöngurinn hljóðnar kemur maður út á svalir Alþingishússins. Kári horfir á hann og segir: „Heyrðu, ég þekki þennan karl líka, við sáum hann í bænum um daginn.“

„Það er alveg rétt,“ segir amma, „þetta er forsætisráðherrann.“ Nú kemur kona á svalir Alþingishússins í sérstökum búningi og flytur ljóð. Amma segir að þetta sé fjallkonan og hún sé í skautbúningi. Þegar fjallkonan lýkur ljóðinu tínist fólk í burtu. Sumir fara inn í kirkjuna sem afi segir að sé dómkirkjan. Afi, amma og Kári setjast hins vegar á bekk á Austurvelli og tala saman.

„Af hverju er íslenski fáninn blár, hvítur og rauður,“ spyr Kári.

„Það var ákveðið árið 1913 að þannig skyldi íslenski þjóðfáninn vera og þannig er hann enn,“ segir afi. „Litirnir minna á íslenska náttúru. Blái liturinn minnir á blá fjöll, himin, haf og vötn, hvíti liturinn á snjó, ís og jökla og sá rauði á eldinn í eldgosum og líka á kvöld- og morgunroðann.“

„Eiga allar þjóðir fána?“ spyr Kári.

„Það hugsa ég,“ segir amma. „Þjóðir eiga alls kyns þjóðartákn. Þú veist að hópur af fólki sem er í sömu vinnunni eða í sama liði notar oft tákn. Táknin geta verið búningur, söngur, fáni eða merki. Þú þekkir búninga lögreglumanna, strætóbílstjóra, hjúkrunarfólks og íþróttafélaga. Þjóðir velja sér líka þjóðartákn eins og fána, þjóðhátíðardag og þjóðsöng.“

Afi situr og hlustar á þau um leið og hann raular fyrir munni sér. „Svo eru líka til þjóðlög og þjóðsögur,“ segir hann. „Þjóðlögin eru söngvar sem hafa verið til svo lengi að enginn veit hver bjó þá til. Fullorðið fólk kenndi krökkum þessa söngva og þegar krakkarnir voru orðnir fullorðnir kenndu þeir öðrum krökkum söngvana. Þjóðsögur verða til á sama hátt.“

„Viltu segja mér einhverja þjóðsögu,“ bíður Kári.

„Það get ég ekki,“ svarar afi stríðinn, „þú verður bara hræddur því að margar íslenskar þjóðsögur eru um tröll og skrýtnar verur.“

8. OPNA

Kári, afi og amma sitja enn á Austurvelli. Kári horfir á Alþingishúsið. Kári verður hissa þegar hann sér að það er stór kóróna ofan á húsinu. Í sögubókum hefur Kári oft séð teikningar af kóngum með kórónur.

„Er Alþingishúsið líka konungshöll?“ spyr Kári.

„Nei,“ segir afi, „Alþingishúsið er gamalt hús. Þegar það var byggt réðu Íslendingar sér ekki sjálfir. Þeir voru ekki sjálfstæð þjóð. Þeir höfðu ekki Alþingi og ríkisstjórn eins og nú. Önnur þjóð, Danir, réð yfir Íslandi og í Danmörku er þjóðhöfðinginn konungur.“

„Ég vildi að við hefðum ennþá kóng á Íslandi, það er flott,“ segir Kári.

„Þegar Íslendingar voru orðnir sjálfstæð þjóð ákváðu þeir að íslenski þjóðhöfðinginn yrði forseti og þeir kjósa sér forseta á fjögurra ára fresti,“ segir afi. „Jón Sigurðsson, maðurinn sem myndastyttan er af, var mjög duglegur að vinna að því að Íslendingar yrðu sjálfstæðir. Hann fæddist 17. júní 1811. Þegar Íslendingar urðu sjálfstæð þjóð gerðu þeir afmælisdag hans að þjóðhátíðardegi sínum. Þá kusu þeir

sér forseta og fyrsti forsetinn, hann Sveinn Björnsson, var kosinn árið 1944.“

„En þessi fjallkona,“ spyr Kári, „er það kona forsetans?“ Afi rekur upp rokna hlátur og Kári verður hálf skömmustulegur.

„Nei,“ segir amma, „fjallkonan er tákn. Hún á að tákna landið sjálft. Búningurinn hennar, skautbúningurinn, var útbúinn á sama tíma og Íslendingar voru að vinna að því að verða sjálfstæð þjóð.“

Kári spyr af hverju hann hefði ekki mátt tala þegar var verið að spila þjóðsönginn. Amma segir að öllum þjóðtáknum eigi að sýna virðingu, bæði íslensku þjóðtáknunum og líka táknum annarra þjóða.

Allt í einu tekur Kári eftir skrýtnum verum fyrir ofan gluggana á Alþingishúsinu. „Þetta eru landvættirnar okkar, þekkirðu ekki söguna um þær?“ segir afi. „Þær eru líka í skjaldarmerki Íslands.“ Og afi réttir Kára pening og bendir á merkið á honum. Kári virðir fyrir sér landvættirnar á peningnum á meðan afi segir honum söguna.

„Einu sinni fyrir langa löngu ætlaði útlendur kóngur að senda her til Íslands. Hann bað galdramann að fara á undan og njósna á landinu. Galdramaðurinn breytti sér í hval og synti norður til Íslands. Þegar hann kom að landinu sá hann að öll fjöll og hólur voru full af landvættum, sumum stórum en öðrum smáum. Hvalurinn fór inn Vopnafjörð og ætlaði að ganga á land en þá kom þar niður dalinn mikill dreki og fylgdu honum alls kyns dýr, ormar og pöddur. Blésu þau eitri á galdramanninn í hvalslíkinu. Hann flýtti sér í burtu og synti norður fyrir land. Hann synti inn Eyjafjörð en þá kom á móti honum svo stór fugl að vængirnir náðu til fjalla beggja vegna fjarðar. Stóra fuglinum fylgdi aragrúi annarra fugla. Aftur flýtti hvalurinn sér á brott og vestur fyrir land. Þegar hann ætlaði að reyna að komast inn Breiðafjörð gekk þar út í sjóinn á móti honum gífurlega stórt naut og baulaði mikið. Nautinu fylgdu margar aðrar landvættir svo að enn flýði hvalurinn. Hann synti nú suður fyrir land. Þegar hann ætlaði að fara þar á land kom risi á móti honum svo stór að hann var stærri en fjöllin. Hann var með járnstaf í hendi og honum fylgdu margir aðrir jötnar. Galdramaðurinn í hvalslíkinu varð að gefast upp. Þegar hann sagði kónginum frá ferð sinni hætti hann við að ráðast á Ísland.“

„Heyrðu afi,“ segir Kári, „er þetta ekki þjóðsaga?“

„Jú,“ segir afi „það er líklega rétt hjá þér.“

9. OPNA

Kári, afi og amma vakna snemma. Þau smyrja brauð, setja heitt vatn á brúsa, taka með sér hlý föt, fara í góða skó og keyra af stað út úr borginni. Amma bendir Kára á hvernig landið er notað.

„Þetta er alveg eins og íbúðirnar okkar heima,“ segir amma. „Íbúð er skipt í herbergi sem eru notuð á ólíkan hátt. Í eldhúsinu er eldaður matur, í þvottahúsinu er þveginn þvottur og í svefnherbergjum sefur fólk eða er út af fyrir sig. Á sama hátt og íbúð er skipt í herbergi er landið skipulagt og því skipt í svæði. Svæðin eru notuð á mismunandi hátt og hafa hvert sitt hlutverk. Í borgum og bæjum eru byggð hús og lagðar götur og sums staðar eru byggðar stórar verksmiðjur. Sums staðar eru kindur, hestar og kýr á beit, sums staðar er landinu breytt í tún til að fá gras og hey fyrir dýrin á veturna og sums staðar er ræktaður skógur.“

„Nú erum við að fara upp á Mosfellsheiðina,“ segir afi, „því að við erum að fara til Þingvalla.“

„Hvað er á Þingvöllum?“ spyr Kári.

„Þar er nú ýmislegt,“ segir amma, „enda köllum við Þingvelli þjóðgarð.“

„Hvað er þjóðgarður?“ segir Kári.

„Þegar fólk notar landið þá breytist náttúran alltaf eitthvað,“ segir amma. „Í þjóðgöörðum er náttúran hins vegar friðuð sem þýðir að þar reynum við að breyta henni eins lítið og við mögulega getum. Þjóðgarðar eru eiginlega eins og stofur í landinu. Stofa í íbúð er öðruvísi en öll önnur herbergi. Enginn á stofuna. Allir hafa sama rétt til að vera þar ef þeir ganga vel um. Í stofunni eru fallegustu hlutir fjölskyldunnar. Þar lætur fólk sér líða vel og hvílir sig og þangað er boðið gestum.“

Þau eru komin á Þingvelli, standa á kletti og horfa yfir landið.

„Þessi staður heitir Hak,“ segir amma. „Héðan sjáum við vel yfir Þingvallavatn, bæinn og kirkjuna en gætið ykkar að stíga ekki ofan í sprungurnar, þær eru djúpar.“

„Sérðu landið þarna hinum megin?“ og amma bendir, „það er að þokast frá okkur, í austur. Á þeim fleka er Eskifjörður og Evrópa. Landið sem við stöndum á er að þokast í hina áttina, í vestur, og á þessum fleka er Reykjavík og Ameríka.“

Kári man vel útskýringar pabba og mömmu þegar þau voru að horfa á eldgosíð í Heklu.

„En hér eru ekki eldfjöll,“ segir Kári og horfir ofan á vatnið og landið.

„Jú,“ segir afi, „fjöllin hér í kring eru eldfjöll. Þau gusu fyrir mörg þúsund árum. En landið á milli þeirra hefur sprungið og sigið niður. Þá myndaðist dældin sem Þingvellir eru í og þetta stóra vatn, Þingvallavatn, í henni.“

Kári horfir hissa yfir landið. Er afi að segja að landið hafi togast í sundur og stórt svæði pompað niður? Hann er feginn að hann var ekki hérna þá. En afi segir að þetta hafi ekki gerst allt í einu heldur smátt og smátt í mörgum jarðskjálftum.

„Þetta er ákaflega merkilegt og fallet land,“ segir amma, „og gott að það skuli vera þjóðgarður. Þá reyna allir að ganga hér vel um og skemma ekki náttúruna. Við viljum geta komið hingað aftur og aftur og boðið gestum að skoða landið og læra ýmislegt um það og sögu þjóðarinnar.“

„Já,“ segir afi, „þegar langalangafi þinn var ungur maður kom hann hingað árið 1907. Þá kom danski kóngurinn hingað í heimsókn en hann var þá líka kóngur yfir Íslandi. Eftir það kom langalangafi þinn hingað oft og langafi þinn, pabbi minn, með honum. Svo bættist ég í hópinn. Langafi þinn mundi vel eftir alþingishátíðinni 1930 og ég kom hingað smárákur og horfði á alþingismenn ákveða að Ísland yrði lýðveldi árið 1944. Við amma þín komum hingað oft með pabba þinn og nú ert þú kominn á Þingvelli. Þegar þú verður stór kemur þú hingað með þín börn og getur áfram horft á Þingvelli eins og við nú.“

„Æi afi, Kári botnar nú ekkert í allri þessari ættfræði,“ segir amma. En Kári, sem er að hamast við að skilja allt sem afi segir, spyr:

„Alþingi, af hverju var það hér, er ekki Alþingishúsið í Reykjavík?“

„Jú núna er Alþingi í Reykjavík, en við skulum fá okkur gönguferð og segja þér margt fleira merki-legt um Þingvelli.“

10. OPNA

„Við erum í Almannagjá, hún er frægasta sprungan hér á Þingvöllum,“ segir amma þegar þau ganga um stíg á milli hárra kletta. Þetta er næstum eins og við séum að ganga inn í jörðina, hugsar Kári og horfir undrandi í kring um sig.

Neðst í gjánni er flaggstöng á kletti. Þar blaktir íslenski fáninn, blár, hvítur og rauður. Alls staðar er fólk og gengur hægt um eins og þau og horfir og horfir. Kári heyrir að flestir tala útlensku. Hann skilur ekki hvað fólkíð segir en er samt viss um að það er að tala um landið í kring og finnst það fallett og sérstakt eins og honum.

„Setjumst hérna við Lögberg og spjöllum saman,“ segir amma. Afi og amma segja Kára sögu Þingvalla. Þau segja honum að landnámsmenn Íslands vildu hafa lög í landinu og þing þar sem þeir gætu hist og ákveðið hvernig ætti að stjórna landinu. Menn leituðu að heppilegum stað til að halda þingin og fundu þennan. Hann heitir síðan Þingvellir. Hérna var Alþingi stofnað fyrir meira en 1000 árum eða árið 930. Á hverju ári, í mörg hundruð ár, kom fólk af öllu landinu hingað. Það kom ríðandi á hestum eða gangandi og bjó hér í tjöldum í tvær vikur. Hér var ákveðið hvaða lög giltu í landinu og hvað ætti að gera við fólk sem fór ekki eftir lögunum. Svo misstu Íslendingar sjálfstæði sitt og Alþingi var lagt niður. Þegar Alþingi hóf aftur störf var það í Reykjavík af því að Reykjavík er höfuðstaður Íslands.

„Þarna á brúnni er landvörður að tala við hóp af fólki, við skulum líka koma að hlusta,“ segir afi.

Þau bætast í hópinn og fylgja honum niður með ánni. Kári fær að heyra að áin heiti Öxará og sléttu flatirnar sem þau ganga eftir séu Vellirnir. Svo fara þau út á aðra brú. Hún er yfir hyljdjúpa gjá sem í er tært vatn. Landvörðurinn bendir þeim á vatnið.

„Vatnið í gjánum á Þingvöllum sýnist vera alveg kyrrt,“ segir hann, „en takið nú eftir.“ Landvörðurinn tekur grasstrá og lætur það detta niður á vatnið. Þau horfa á stráið fljóta hægt í burtu.

„Þið sjáið að vatnið streymir. Það streymir stöðugt niður í Þingvallavatn. Úr vatninu rennur áin Sog. Sogið rennur í jökulána Hvítá. Vatnið í Hvítá kemur úr Langjökli sem er uppi á hálendinu. Saman mynda Hvítá og Sogið ána Ölfusá sem rennur til hafs. En segið mér nú eitt. Ef allt þetta vatn rennur til sjávar fyllist þá ekki sjórinn af vatni?“

„Nei, nei,“ keppast krakkarnir í hópnum við að segja, „vatnið gufar upp frá sjónum og myndar ský. Úr skýjunum rignir eða snjóar vatninu aftur niður á jörðina.“

„Rétt hjá ykkur,“ segir landvörðurinn. Sumt af þessu vatni sem við erum að horfa á í gjánni hefur verið rigning eða snjór sem nýlega hefur fallið á landið hér í kring, seytnað niður í hraunið og runnið undir því í gjánnar. Í gjánum er líka mikið af vatni sem er komið langt að. Fyrir löngu, kannski mörg hundruð árum, féll það á jökul uppi á hálendinu. Síðan hefur það verið að síga hægt og hægt í gegnum jökulinn og hraunið niður á láglandið og nú er það hér á leið til hafs. Vatnið hefur alltaf verið til og það er alltaf á ferðinni. Stundum er það frosið, stundum í ám, stundum í vötnum, stundum í sjónum, stundum er það í okkur eða einhverjum dýrum eða plöntum því að vatn er lífsnauðsynlegt fyrir allar lífverur.“

Sumir krakkarnir eru hættir að hlusta. Þau horfa hugfangin á peninga sem þau sjá djúpt niðri í gjánni.

„Hvers vegna eru allir þessir peningar þarna,“ spyr Kári.

„Það skal ég segja ykkur,“ segir landvörðurinn.

„Þegar danski kóngurinn kom árið 1907 stóð hann hér og horfði á vatnið og langaði að vita hvað það væri djúpt. Og til að finna það út tók hann pening úr vasa sínum og lét hann falla í vatnið til að sjá hvað hann væri lengi á leiðinni niður á botn. Fólkið í kring vildi gera eins og kóngurinn og henti líka peningum í vatnið. Síðan hefur þetta verið siður og gjáin, sem heitir Nikulásargjá, er oft kölluð Peningagjá. Við megum hvergi henda frá okkur rusli, hvorki á landi né í vatn, og alls ekki í þjóðgarðinum. En hér hefur verið leyft að viðhalda þessum sið sem kóngurinn kom á fyrir löngu og fólk leyft að henda peningum í vatnið.“

„Afi,“ sagði Kári, „heldur þú að langalangafi minn hafi hent peningi í vatnið þegar hann kom hingað um leið og kóngurinn?“

„Já, ætli það ekki,“ segir afi og réttir Kára lítinn pening. Kári lætur peninginn detta og horfir á hann glitra í sólinni og falla hægt til botns í tæru vatni gjánnar.

11. OPNA

Afi, amma og Kári borða nestið sitt í lyngi vaxinni laut á Þingvöllum. Síðan aka þau eftir vondum vegi yfir heiði sem afi segir að heiti Lyngdalsheiði. Þar skoða þau helli sem fólk bjó víst einu sinni í. Það finnst Kára ótrúlegt.

„Já, húsin voru ekki eins góð áður fyrr og þau eru núna,“ segir afi, „fólk varð bara að sætta sig við það sem landið gaf.“

Eftir nokkurn akstur stoppa þau á bílastæði innan um marga bíla, rútur og ferðamenn.

„Er líka stofa í landinu hér?“ spyr Kári.

„Já,“ segir amma, „við erum komin á hverasvæðið við Geysi sem er vinsæll ferðamannastaður.“

Kári heyrir hvin og mikil fagnaðarlæti í fólki. Þegar hann lítur við sér hann hvítan gufustrók upp í loftið.

„Þarna var Strokkur að gjósa,“ segir afi.

Þau ganga um og skoða hverina.

„Hvaðan kemur allt þetta heita vatn?“ spyr Kári.

„Þetta vatn var einu sinni köld rigning eða jafnvel snjór,“ segir afi. „Svo seytnaði rigningin niður í jörðina. Þar hitnaði vatnið þegar það kom nálægt heitri kvikunni djúpt í jörðu og hér steymir heitt vatnið svo aftur upp úr jörðinni.“

„Svo getum við notað heita vatnið okkur til gagns,“ segir amma. „Við leiðum það í rörum heim í ofnana í húsunum okkar svo að þau verði heit og við fáum líka heitt vatn í kranana.“

„Geysir er frægasti hver í heimi,“ segir afi, „en hann er næstum hættur að gjósa af því að hann er orð-

inn svo gamall.“

Strokkur gýs aftur og aftur. Kári vill helst ekki fara héðan en afi og amma vilja líka sýna honum frægan foss sem heitir Gullfoss og er ekki langt frá.

Skömmu seinna standa þau og horfa á vatnið í ánni Hvítá falla stall af stalli í Gullfossi. Kári hefur oft séð litla læki fossa fram af fjallsbrúnum heima á Eskifirði en svona stóran foss hefur hann aldrei séð. Hann stendur lengi, lengi og horfir á hvernig vatnið þeytist fram af brúninni og ofan í djúpt gljúfur. Vatnsdroparnir mynda úða hátt yfir fossinum og í sólskininu glitrar þar marglitur regnbogi. Kári hlustar á drunurnar í fossinum og finnst gott að finna kaldan úðann á andlitinu.

Þegar afi og amma geta loksins komið honum aftur á bílastæðið rekur hann augun í myndastyttu af konu í þjóðbúningi.

„Af hverju er myndastytta hér?“ spyr Kári, „og hver er eiginlega þessi kona.“

„Þetta er hún Sigríður í Brattholti,“ segir amma, „ég skal segja þér af henni á leiðinni heim.“

Þegar þau eru lögð af stað bendir amma á bæinn Brattholt sem er nokkru neðan við Gullfoss. Svo segir hún frá:

„Í stórum fossum er mikill kraftur. Stundum er krafturinn virkjaður. Vatnið er tekið úr fossunum og látið renna um vélar sem þá framleiða rafmagn. Rafmagnið er notað til að lýsa upp hús og götur og láta alls kyns vélar og tæki starfa. Við viljum ekki vera án rafmagns.“

Einu sinni bjó í Brattholti maður sem hét Tómas. Dóttir hans hét Sigríður og var fædd árið 1871. Oft komu ferðamenn í Brattholt á leið sinni að Gullfossi. Margir þeirra voru útlendingar komnir langa vegu til að skoða Ísland. Þegar Sigríður var lítil stelpa og ung kona var hún oft fengin til að fylgja ferðamönnum að fossinum því að hún þekkti landið svo vel. Hún sá ferðamennina dást að Gullfossi og vissi vel að fossinn var sérstakur. Svo fóru menn að koma til þabba hennar og vildu kaupa fossinn til að virkja hann. Í fyrstu vildi Tómas alls ekki selja fossinn og sagði að hann væri vinur sinn. Á endanum fór þó svo að fossinn var leigður til að hann yrði virkjaður. Sigríði líkaði það mjög illa. Hún fór margar ferðir til Reykjavíkur, oft gangandi og meira að segja á veturna, til að tala við fólk sem gæti bjargað fossinum. Loks var ákveðið að Gullfoss yrði ekki virkjaður og íslenska þjóðin keypti Gullfoss.

Sigríður átti fósturson sem hét Einar. Hann eignaðist Brattholt þegar hann var orðinn fullorðinn. Hann gaf íslensku þjóðinni landið umhverfis Gullfoss. Þess vegna eiga allir Íslendingar nú Gullfoss og þeir og gestir þeirra geta komið að fossinum og glaðst við að horfa og hlusta á hann.“

12. SÍÐA

Kári vaknar eldsnemma. Hann er með fiðring í maganum. Í dag koma pabbi og mamma heim með litlu systur hans. Loksins leggja þau af stað út á flugvöllinn við Keflavík. Amma reynir að tala við hann á leiðinni um fjöllin og um hraunið en Kári hlustar ekki. Hann hugsar bara um pabba og mömmu og litlu systur. Loksins eru þau komin á flugvöllinn. Flugvélin er ekki komin.

„Eigum við ekki að standa úti og sjá þegar hún lendir,“ segir afi. Það gera þau. Allt í einu kemur flugvélin niður úr skýjunum, lendir og rennur langa leið eftir flugbrautinni.

„Flugvélar fara svo hratt að þær eru lengi að stoppa,“ segir amma.

Þau fara inn, setjast á bekk og horfa á fólk. Allt í einu segir Kári: „Manstu amma þegar þú sagðir að Þingvellir væru eins og stofa í landinu?“ Já, amma man það.

„Þessi flugvöllur er eins og forstofa,“ segir Kári. „Hér kemur fólk inn í landið og við tökum á móti því alveg eins og þegar gestir eru að koma í heimsókn til okkar.“

Nú hendist Kári upp. Þarna eru þau. Skömmu seinna flýgur Kári upp í fangið á pabba sínum og mömmu og knúsar þau fast. Svo kíkir hann ofan í barnastólinn sem þau halda á. Á móti honum horfa stór, brún augu í dökku andliti. Þetta er litla systir hans.

„Á Indlandi fékk hún nafnið Púrníma og hún heitir það auðvitað enn. Við þurfum að hjálpast að við að finna handa henni íslenskt nafn líka,“ segir mamma.

Pabbi tekur Púrnímu og réttir Kára hana í fangið. Hann heldur vel utan um hana en Púrníma teygir aðra höndina upp og togar í hárið á Kára.

„Ég sé ekki betur en að Púrníma brosi til Kára,“ segir amma.

Kári horfir á Púrnímu, pabba og mömmu, afa og ömmu og honum líður svo skringilega. Hann er svo glaður en samt finnst honum að hann sé að fara að gráta. Tárin eru að koma fram í augun en svo bara fer hann að hlæja og þau hlæja öll saman. „Jæja, nú ættum við að fara að koma okkur heim,“ segir afi. Og það gera þau.

Nokkrum dögum seinna fljúga svo Kári og Púrníma, pabbi og mamma heim til Austurlands. Hekla er hætt að gjósa. Mest allur snjórinn er bráðnaður og hálendið er að miklu leyti svart en sums staðar orðið grænt. Kári horfir á landið og hugsar hvað það verði gaman þegar hann getur sagt Púrnímu allt það sem hann veit um landið þeirra Ísland og þjóðina sem þar býr.

(© 2001 *Sigrún Helgadóttir*)